

Yfirlýsing þingflokks Sjálfstæðisflokksins

Þegar Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra ber Sjálfstæðismönnum það á brún að hafa rofið trúnað varðandi viðbrögð Breta og Hollendinga í Icesavemálinu, þá er hún trú gamla máltækinu, að betra sé að veifa röngu tré en öngvu. Ekkert getur verið fjær sanni en að Sjálfstæðisflokkurinn hafi rofið trúnað.

Fulltrúar ríkisstjórnarinnar kölluðu forystumenn stjórnarandstöðunnar á sinn fund í gær til þess að gera þeim grein fyrir viðbrögðum Hollendinga og Breta við ákvörðun Alþingis varðandi Icesavemálið. Síðar um daginn var fjárlaganefnd Alþingis einnig kynnt þetta mál.

Í fréttum í gærkvöldi og á vefmiðlum lágu fyrir yfirlýsingar forsætisráðherra og fjármálaráðherra sem tjáðu sig um málið og lýstu yfir ánægju sinni með viðbrögð breskra og hollenskra stjórnvalda. Í fréttum voru tíunduð einstök efnisatriði sem sögð voru vera úr svari ríkjanna. Þingmenn stjórnarflokka hafa í gær og í dag fjallað efnislega um málið.

Varaformaður Sjálfstæðisflokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir tjáði sig ekki um málið efnislega, til þess auðvitað að rjúfa ekki þann trúnað sem óskað hafði verið eftir að viðhafður yrði. Sama var að segja um ályktun þingflokks Sjálfstæðisflokksins sem send var út að afloknum fundi í gærkvöldi.

Umfjöllun Sjálfstæðisflokksins um þetta mál var því í hvívetna þannig fram sett að virtur var sá trúnaður sem um hafði verið beðið. Yfirlýsingar Jóhönnu Sigurðardóttur í fjölmiðlum nú í kvöld eru því í senn ósannar og ómerkilegar.

Forsætisráðherra sagði að þessi atburðarrás yrði til þess að endurskoða þyrfti samskiptin við stjórnarandstöðuna og hélt því síðan fram að meira samráð hefði verið haft af hálfu ríkisstjórnarinnar en dæmi væru um. Þetta er furðulegur málflutningur.

Ríkisstjórnin hefur ekki fylgt þeirri leið samráðs og samstarfs sem hún ræddi um fyrr á árinu. Ríkisstjórnin hefur þvert á móti unnið í anda tilskipana. Ríkisstjórnin hefur helst leitað eftir samstarfi þegar hún hefur misst stjórn á atburðarrásinni og hefur ekki getað lokið þeim málum sem hún hafði skuldbundið sig til að ljúka. Er Icesavemálið gleggsta dæmið um það.

Yfirlýsingu forsætisráðherra ber hins vegar að túlka sem hótun af hennar hálfu og vísbendingu um að mál verði til lykta leidd með átökum, en ekki samstarfi. Því verður að sjálfsögðu mætt eins og tilefni er til. En þingflokkur Sjálfstæðisflokksins mun eftir sem áður vinna af heilindum og málefnalega að þeim úrlausnarefnum sem fyrir liggja með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi.

Illugi Gunnarsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.